

Sjötti fundur Gammadeildar haldinn á heimili Árnýjar Elíasdóttur mánudaginn 15. febrúar 2016, klukkan 19:30.

Árný Elíasdóttir og Ingunn Björk Vilhjálmisdóttir samstarfsskona hennar sögðu frá fyrirtæki þeirra Attentus. Pálína Jónsdóttir var með orð til umhugsunar.

Eftir að Árný hafði boðið konur velkomnar á heimili sitt setti Kristín Bjarnadóttir fund og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpssemi. Síðan var nafnakall. Alls sátu 23 konur fundinn.

Fundinn sátu eftirtaldir félagar í Gammadeild: Anh-Dao Tran, Árný Elíasdóttir, Björg Eiríksdóttir, Bryndís Steinþórsdóttir, Edda Vikar, Elín Ólafsdóttir, Guðný Helgadóttir, Helga Thorlacius, Hertha W. Jónsdóttir, Hildur Skarphéðinsdóttir, Hrefna Þórarinsdóttir, Ingibjörg Einarsdóttir, Kristín Bjarnadóttir, Kristín Jónsdóttir, Margrét Jónsdóttir, María Pálmadóttir, Pálína Jónsdóttir, Ragnheiður Stefánsdóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Stefanía Arnórsdóttir, Svana Friðriksdóttir og Vilborg Dagbjartsdóttir.

Kristín færði þær fréttir á fundinn að mesta fjölgun í Delta Kappa Gamma í heiminum væri á Íslandi. Hún greindi einnig frá boðum á vörþing í ýmsum löndum og hægt er að afla upplýsinga um þetta á Evrópu-vefsíðu DKG.

Pálína Jónsdóttir flutti orð til umhugsunar. Hún fjallaði um þær fjölmörgu konur sem hafa rutt brautina, þ.e. þær sem voru snemma öflugar í kvenréttindabaráttunni. Meðal þeirra sem hún minntist voru Ingibjörg H. Bjarnason sem var, árið 1922, fyrst kvenna kjörin á þing og Þorbjörg Sveinsdóttir ljósmóðir sem var einn aðalhvatamaðurinn að stofnun Hins íslenska kvenfélags árið 1894 en tilgangur þess félags var að auka réttindi kvenna á Íslandi. Bríet Bjarnhéðinsdóttir átti mestan þátt í því að íslenskar konur fengu lagalegt jafnrétti á við karla, hún ruddi brautina, mótaði stefnuna og stjórnaði lengi vel sjálfaráttunni. Hún stóð í mörgu í gegnum ævina, m.a. stofnaði hún og ritstýrði Kvennablaðinu og átti frumkvæði að stofnun Kvenréttindafélags Íslands, Verkakvennafélagsins Framsóknar og Lestrarfélags kvenna í Reykjavík. Það kom fram að bókasöfn voru eins og andlegt fóður fyrir hana. Henni varð snemma ljóst misrétti kynjanna.

Pálína minntist einnig á þær Ólafíu Jóhannesdóttur og Björgu Þorláksson sem báðar þurftu að berjast fyrir því að fá að taka próf hér á landi. Að lokum sagði Pálína að það væri mjög mikilvægt að minnast þessara kvenna sem ruddu brautina fyrir okkur, hún sagði jafnframt að við yrðum að haldaaráttunni áfram því launamisrétti væri óásættanlegt. Kristín þakkaði Pálinu fyrir skemmtilega og vekjandi frásögn.

Fyrirlestur kvöldsins. Árný og Ingunn byrjuðu á að kynna sig og sögðu þær einnig lítillega frá bakgrunni sínum en leiðir þeirra lágu saman hjá Eimskip þar sem þær unnu um árabil. Fyrirtækið Attentus var stofnað árið 2007 af Árnýju, Ingunni Björk og Ingu Björgu Hjaltadóttur; fyrirtækið er því orðið 9 ára. Í dag eru auk stofnenda þær Guðríður Sigurðardóttir og Sigrún Þorleifsdóttir eigendur að fyrirtækinu og starfa þær allar sem ráðgjafar. Starfsmennirnir eru orðnir tíu, þær eru nýbúnaar að ráða fyrsta karlmanninn til starfa. Allir ráðgjafar Attentus hafa unnið við stjórnun í íslenskum fyrirtækjum, þeir hafa því viðtæka þekkingu og reynslu á sviði mannauðsstjórnunar. Skrifstofa fyrirtækisins er staðsett í Turninum við Smáratorg í Kópavoginum. Attentus er latneskt orð, enska orðið attention er t.d. dregið af því.

Attentus veitir þjónustu og ráðgjöf um allt sem snýr að rekstri út frá áherslum mannauðsstjórnunar. Þjónustan byggir á fagþekkingu, reynslu og metnaði með það að markmiði að auka rekstrarárangur. Þau vinna með mjög ólíkum fyrirtækjum, hafa t.d. unnið með frystihúsum, hótelum og skólum. Það kom fram hjá þeim Árnýju og Ingunni Björk að þær leggja mikla áherslu á náð samstarf við stjórnendur fyrirtækjanna sem unnið er með, því það tryggir betri árangur ef stuðningur við innleiðinguna er góður.

Þjónusta Attentus skiptist fyrst og fremst í fjóra þætti: Mannauðsstjóri til leigu, ráðgjöf og þjónusta, fræðslu og þjálfun og loks úttektir og greiningar. Það er hægt að leigja hjá fyrirtækinu bæði fræðslu- og mannauðsstjóra og sér fyrirtækið t.d. alfarið um starfsmannamál nokkurra fyrirtækja. Í sum fyrirtæki er farið reglulega jafnvel einu sinni í viku, stundum tvisvar í mánuði en allt eftir samkomulagi. Attentus hefur sinnt úttektum fyrir menntamálaráðuneytið, tekið út gæði skóla og fleira, það hefur þegar unnið með yfir 50 skólum.

Árið 2012 fékk fyrirtækið hvatningarverðlaun FKA fyrir brautryðjendastarf og athyglisvert frumkvæði á sviði mannauðsmála. Það kom fram hjá þeim Árnýju og Ingunni Björk að svona verðlaun væru mikil hvatning. Síðan spunnust áhugaverðar umræður og spurningum var svarað.

Kristín Jónsdóttir (úr ráðuneytinu) kynnti vörþing DKG sem haldið verður í Setbergsskóla í Hafnarfirði, laugardaginn 30. apríl. Hún sagði jafnframt frá yfirskrift þingsins sem er Fjölmennning og samtakamáttur, fjallað verður um viðfangsefnið frá ýmsum sjónarhornum. Ingibjörg Einarsdóttir sagði að þingið væri opið sem þýðir að heimilt er að bjóða með sér gestum utan samtakanna og hvatti hún konur til að taka með sér gesti.

Veitingar bornar á borð og fundarlok.Eftir ljúfar veitingar sýndu Árný og Ingunn Björk heimasíðu fyrirtækisins og svöruðu hinum ýmsu spurningum. Á forsíðu heimasíðunnar stendur: ***Við erum Attentus – árangur er í fólkinu falinn.*** Áfram héldu áhugaverðar umræður en um klukkan 22:00 þakkaði Kristín þeim Árnýju og Ingunni Björk fyrir frábæra kynningu og færði þeim rós sem er m.a. tákn hugrekks og sköpunar. Þá var fundi slitið og slökkt á kertunum.

Fundargerð skráði Svana Friðriksdóttir.